



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

ÍSÁN2BS05

Kennari	Kristín Þóra Möller, kristin.moller@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudagar 12.00-12.40	
Námsefni	Valdir kaflar úr bókinni „Bókmenntir í nýju landi. Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta“ eftir Ármann Jakobsson. Hrafnkels saga Freysgoða, Þrymskviða, Völuspá, Hávamál, Gríms saga loðinkinna og annað efni frá kennara. Allt efni verður aðgengilegt inni á Innu undir „Efni“	
Áfangalýsing	Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur kynnist bókmenntum frá miðöldum og fái innsýn í sögu og menningararf þjóðarinnar. Nokkrir textar frá þessum tíma verða lesnir og unnið með þá. Nemendur læra að þekkja einkenni helstu bókmenntagreina frá þessum tíma.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Sleppikerfi er í áfanganum sem þýðir að nemendur sem uppfylla kröfur skólans um mætingu (sjá á heimasíðu skólans) og ná yfir 7 að meðaltali í vinnueinkunn í lok annar sleppa við lokapróf sem annars gildir 30%. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Þá skulu nemendur og skila verkefnum á tilsettum tíma. Ef nemendur af óviðráðanlegum ástæðum komast ekki í tímapróf á tilgreindum tíma þá hafa þeir tvær vikur þar á eftir til að taka það próf. Ekki er leyfilegt að taka próf utan kennslustofu nema í samráði við kennara. Ef engin skýring er á fjarveru nemenda í tímaprófi þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til að taka það próf. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið. Stærri verkefnum skal skilað í gegnum Turnitin.		
	Símatsáfangi ☐	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☒
Heiti		Vægi	
Bókmenntasaga		15%	
Hrafnkelssaga Freysgoða		15%	
Verkefni		30%	
Dagbækur		10%	
Lokapróf		30%	

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur komi undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Þá er ætlast til að þeir sækir allar kennslustundir og skili öllum verkefnum á réttum tíma.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi miðaldabókmennta fyrir íslenska menningu. • þeim menningararfi sem nútíma bókmenntir byggja á. • helstu bókmenntagreinum til 1550.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa miðaldatexta sér til gagns og ánægju • greina og túlka miðaldatexta
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • gera sér grein fyrir upplifun sinni og túlkun á miðaldabókmenntum • gera sér grein fyrir íslenskri bókamenningu • beita bókmenntahugtökum við greiningu á bókmenntum tímabilsins	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur fyrir tíma	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. hlutapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Ýmis verkefni	12 klst.	12 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		116 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	Kynning. Yfirlit um bókmenntasögu og hugmyndafræði landnámsmanna.	Dagbók
2. vika 28. ágúst - 1. september	Bókmenntasaga -fyrri hluti	Verkefni
3. vika 4. - 8. september	Bókmenntasaga -Ritöld Hávamál	Próf úr bókmenntasögu 1 Hávamál - Hugleiðing
4. vika 11. - 15. september	Völuspá	Tímalína
5. vika 18. - 22. september	Völuspá	Tímalína Próf úr Völuspá
6. vika 25. - 29. september	Persóna úr goðafræði	Verkefni-glærukynning
7. vika 2. - 6. október	Þrymskviða	Kynning á persónu úr norrænni goðafræði
8. vika 9. - 13. október	Sjúklega súr saga	Próf úr Þrymskviðu
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	Sjúklega súr saga Bókmenntasaga-seinni hluti	Padlet verkefni og jafningjamat
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	Bókmenntasaga-seinni hluti	Verkefni Próf úr bókmenntasögu 2
11. vika 30. október - 3. nóvember	Gríms Saga loðinkinna Bókmenntahugtök	Verkefni
12. vika 6. - 10. nóvember	Íslendingasögur Bókmenntahugtök	Verkefni
13. vika 13. - 17. nóvember	Hrafnkels saga Freysgoða	Verkefni
14. vika 20. - 24. nóvember	Hrafnkels saga Freysgoða	Dagbók
15. vika 27. nóvember- 1. desember	Hrafnkels saga Freysgoða	Verkefni
16. vika 4. - 7. desember	Hrafnkels saga Freysgoða og uppsóp	Lokaverkefni úr Hrafnkelssögu

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,

Kristín Þóra Möller